

## Hagnýtar upplýsingar

Leikskólar Árborgar starfa eftir hugmyndafræði menntun fyrir alla og snemmtækrar íhlutunar. Þar er tekið tillit til margbreytileika og virkrar þátttöku allra. Markmið snemmtækrar íhlutunar í leikskóla miðar að því að börn fái kennslu og stuðning við hæfi. Mikilvægt er að byrja að vinna sem allra fyrst þegar grunur vaknar um frávík af einhverju tagi.

### Sótt um leikskóla

Sótt er um leikskólapláss á vefsíðu Árborgar, **Mín Árborg**. Þegar barni hefur verið úthlutað pláss berst tölvupóstur til foreldra. Innan sjö daga þarf að hafa samband við leikskólann og staðfesta leikskóladvölinu.

### Breyting á vistunartíma

Það þarf að gerast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur gildi 1. næsta mánaðar. Sótt er um á **Mín Árborg**.

### Þegar barn hættir í leikskóla

Segja þarf upp leikskóladvöl barns. Það þarf að gerast fyrir 15. síðasta mánuð barnsins í leikskóla. Uppsögn er gerð á eyðublaði hjá leikskólastjóra.

### Skóladagatal

Hver leikskóli er með sitt skóladagatal þar sem fram koma helstu atburðir og lokanir. Leikskóladagatalið er birt á heimasíðu hvers skóla.

### Matseðill

Boðið er upp á hollan og góðan mat í leikskólunum og matseðill er birtur á heimasíðu hvers leikskóla.

### Útivera

Farið er út alla daga og stundum oft á dag. Það þarf að hafa útiföt við hæfi alla daga.

## Mín Árborg

### Kynning

Farðu inn á vefsíðu sveitarfélagsins  
**www.arborg.is**

Efst hægra megin finnur þú **Mín Árborg**



### Innskráning

Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða með íslykli.

Inn á **Mín Árborg** finnið þið meðal annars umsóknir fyrir leikskóla, grunnskóla, skólamat, frístundaheimili og frístundastyrki.



## Sveitarfélagið Árborg

# Leikskólar

Álfheimar | Árbær

Brimver/Æskukot

Goðheimar

Hulduheimar

Jötunheimar

### Fjölskyldusvið Árborgar

Austurvegi 2 | 800 Selfoss

Sími | 480 1900

Vefsíða | [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Netfang | [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is)



# Leikskólar

## Sveitarfélags Árborgar

### Leikskólinn Álfheimar

Sólvöllum 6 | 800 Selfossi  
Sími | 480 3240  
Vefsíða | [www.alfheimar.arborg.is](http://www.alfheimar.arborg.is)

Leikskólinn Álfheimar er sex deilda. Álfheimar er skógarleikskóli sem flaggar Grænfánanum. Hvert barn fer í skógarferð einu sinni í viku. Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfsins og áhersla er lögð á samskipti og vellíðan í leik og starfi og virðingu fyrir náttúrunni.



### Leikskólinn Árbær

Fossvegi 1 | 800 Selfossi  
Sími | 480 3250  
Vefsíða | [www.arbaer.arborg.is](http://www.arbaer.arborg.is)

Heilsuleikskólinn Árbær er sjö deilda. Leiðarljós Árbæjar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.



Markmið eru að efla félagslega færni einstaklingsins, að stuðla að líkamlegri vellíðan með því að leggja áherslu á hreyfingu, útvist og hollan mat og að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.

### Leikskólinn Brimver/Æskukot

Túngötu 39 | 820 Eyrarbakka  
Sími | 480 3270  
Vefsíða | [www.strandin.arborg.is](http://www.strandin.arborg.is)

### Leikskólinn Brimver/Æskukot

Blómsturvöllum 1 | 825 Stokkseyri  
Sími | 480 6350  
Vefsíða | [www.strandin.arborg.is](http://www.strandin.arborg.is)



Leikskólinn Brimver/Æskukot hefur tvær starfsstöðvar, Brimver á Eyrarbakka og Æskukot á Stokkseyri. Hvor starfsstöðin hefur tvær deildir og er leikskólinn því fjögurra deilda. Leikskólinn er heilsu- og grænfánaleikskóli. Leiðarljós Brimvers/Æskukots er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Markmiðið er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar.

### Leikskólinn Goðheimar

Engjalandi 21 | 800 Selfossi  
Sími |  
Vefsíða |

Leikskólinn Goðheimar er sex deilda leikskóli sem er í byggingu og stefnt er að opnun hans á vordögum 2021.

Nú þegar er hægt að sækja um pláss í Goðheimum.



### Leikskólinn Hulduheimar

Erlurima 1 | 800 Selfossi  
Sími | 480 3280  
Vefsíða | [www.hulduheimar.arborg.is](http://www.hulduheimar.arborg.is)

Leikskólinn Hulduheimar er sex deilda. Starfað er eftir hugmyndafræði John Dewey þar sem lögð er áhersla á að barnið læri í athöfn, læri af eigin reynslu og kynnist samfélagi og umhverfi í samvinnu við önnur börn og fullorðna.

Könnunaraðferðin og könnunarleikurinn eru okkar kennsluaðferðir sem og nám í gegnum leik.



### Leikskólinn Jötunheimar

Norðurhólum 3 | 800 Selfossi  
Sími | 480 6370  
Vefsíða | [www.jotunheimar.arborg.is](http://www.jotunheimar.arborg.is)

Leikskólinn Jötunheimar er sex deilda. Leikurinn á vísdom veit er leiðarljós Jötunheima og lögð er áhersla á að það komi fram í öllu daglegu starfi leikskólans.

Markmið er að öll börn fái að njóta sín í daglegu starfi og þeim sé gefinn góður tími til leikja. Það er meðal annars gert í gegnum skapandi starf, málrækt, hreyfingu og með jákvæðum samskiptum.